



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

Minnisblað – Almannavarnir

Á fundi í Almannavarnarnefnd Vesturlands í júlí 2022 var SSV falið að kanna grundvöll þess að ráðinn yrði starfsmaður til almannavarnarnefndar. Verkefnið var rætt í stjórn SSV og á fundi framkvæmdastjóra sveitarfélaga á Vesturlandi. Einnig var tekið saman yfirlit yfir stöðuna í öðrum landshlutum varðandi starfsfólk almannavarnarnefnda. Í þeiri samantekt kom glöggt fram að þeir landshlutar sem ekki hafa haft starfsmann lögðu áherslu á aðkomu ríkisins að ráðningu starfsmanns. Á þessu ári hafa átt sér stað frekari samtöl á milli löggreglunnar, formanns almannavarnarnefndar Vesturlands og framkvæmdastjóra SSV um verkefnið og mögulega fjármögnun þess.

Nýverið samþykkti dómsmálaráðuneytið að leggja aukið fjármagn til almannavarna þannig að framlag þess standi undir helmingi af kostnaði við starfsmann í hverjum landshluta. Þessir starfsmenn almannavarnarnefnda í landshlutunum verða hluti af teymi á landsvísu sem Viðir Reynisson yfirlöggregluþjónn hjá almannavarnarsviði ríkislöggreglustjóra mun stýra. Starfsmaður mun heyra undir Almannavarnarnefnd Vesturlands og fyrst og fremst sinna verkefnum fyrir hana.

Í drögum að samkomulagi um sameiginlegan starfsmanna, sem eru meðfylgjandi, er gert ráð fyrir því að Almannavarnarnefnd Vesturlands og SSV fyrir hönd sveitarfélaganna verði aðilar að samningnum. Í drögunum er einnig farið yfir hver verði helstu verkefni starfsmannsins en það er á engan hátt bindandi upptalning og telji sveitarfélögin það mikilvægt að koma með viðbætur eða breytingar er það opið.

Áætlanir gera ráð fyrir að kostnaður vegna starfsmannsins verði um 18 m.kr. og að sveitarfélögin mun greiða helming þess kostnaðar eða um 9 m.kr. Sveitarfélögin komi sér saman um hvernig þau skipti þessum kostnaði sín á milli.

Áðurnefnd samkomulagsdrög voru kynnt á fundi stjórnar SSV sem fór fram 7. júní s.l. og var niðurstaða stjórnar að senda drögin til kynningar hjá sveitarfélögunum og kalla eftir viðhorfi þeirra til þess að ráðinn verði starfsmaður almannavarna á Vesturlandi. Almannavarnarnefnd Vesturlands mun boða til fundar í ágúst mánuði þar sem ráðning starfsmanns verður til umræðu.

f.h. Almannavarnarnefndar Vesturlands

Björn Bjarki Þorleifsson

f.h. Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi

Páll S. Þorgrímsson

Samkomulag um sameiginlegan starfsmann almannavarna á Vesturlandi - DRÖG

Lögreglustjórinn á Vesturlandi kt. 441114-0360, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi kt. 610673-0239 (SSV), Almannavarnarnefnd Vesturlands og Almannavarnardeild Ríkislögreglustjóra gera með sér eftirfarandi samkomulag um sameiginlegan starfsmann almannavarna á Vesturlandi:

Ráða skal verkefnastjóra til lögreglustjórans á Vesturlandi í fullt starf til að sinna almannavarnaverkefnum í umdæminu. Kostnaður vegna þessa skiptist jafnt á milli lögreglustjóra annars vegar og sveitarfélaga í umdæminu hins vegar.

Samkomulag þetta miðar við að heildarkostnaður vegna starfsmannsins sé 18.000.000 kr. á hverju ári. Ofangreind tala innifelur allar launagreiðslur, opinber gjöld, allan kostnað við skrifstofuhald og bifreiðakostnað. Kostnaðarhlutdeild sveitarfélaganna er því 9.000.000 kr. á ársgrundvelli, en umrædd fjárhæð er með gjalddaga 1. desember ár hvert og greiðir SSV hlut sveitarfélaganna eftir útsendum reikningi lögreglunnar í samræmi við ofangreint. Greiðsla 01.12.2023 skal þó hlutfölluð m.v. starfstíma frá endanlegrí ráðningu verkefnastjóra. Umrædd fjárhæð tekur breytingum samkvæmt launavísitalu, en ákvæði þetta kemur fyrst til framkvæmda 01.12.2024 og er grunnvísitala þá miðuð við 01.12.2023.

Um endanlega kostnaðarskiptingu sveitarfélaganna innan SSV fer samkvæmt gildandi reglum sambandsins þar um, hverju sinni.

Helstu verkefni

- Heldur utan um starfsemi almannavarnanefndar
 - Boðar fundi skv. áætlun
 - Er ritari almannavarnarnefndar og heldur fundargerðir hennar
 - Fylgir eftir ákvörðunum almannavarnanefndar
 - Starfar í aðgerðarstjórn
- Gera skal viðbragðsáætlanir í öllum sveitarfélögum um langtímaþbrögð við samfélagslegum áföllum.
 - Verkefnastjóri er til ráðgjafar einstökum sveitarfélögum um hvaðeina sem snertir almannavarnir
- Vinna skal að samræmingu hættumats og könnun á áfallaþoli sveitarfélaga, lögreglu, stofnana ríkisins og mikilvægra fyrirtækja í umdæminu
 - Hver aðili ber ábyrgð á sínum verkefnum þessu tengt en starfmaðurinn tryggir flæði þekkingar og samræmingu milli aðila
- Vinna skal að gerð viðbragðsáætlana um þær helstu ógnir sem þegar eru þekktar í umdæminu og skal þeim forgangsraðað eftir mikilvægi með tilliti til líkinda og áhrifa
- Halda skal æfingar á þeim viðbragðsáætlunum sem gefnar eru út.
- Vinna skal úr gögnum frá hættumati og könnun á áfallaþoli forgangsröðun viðbragða.

- Þar getur bæði átt við áherslur í áhættuminkandi aðgerðum sem og viðbragðsáætlunum
 - Þetta er unnið í náinni samvinnu við sveitarfélög þar sem t.d. skipulagsmál geta vegið þungt við áhættuminkandi aðgerðir
- Verkefnastjóriinn vinnur náið með Almannavarnadeild ríkislöggreglustjóra og öðrum verkefnastjórum almannavarna í löggregluumdæmum landsins.
 - Verkefnastjóriinn sækir samráðsfundi almannavarnadeildar og tekur þátt í verkefnafundum deildarinnar
 - Þátttaka í aðgerðum almannavarna í öðrum löggregluumdæmum, eftir ósk almannavarnardeildar ríkislöggreglustjóra
- Aðgerðarstjóri í aðgerðum almannavarna í umdæminu, ef við á
- Hefur frumkvæði að fundum með öllum viðbragðsaðilum í umdæminu, sem og fundum með viðbragðsaðilum í aðliggjandi umdæmum
- Mótar fræðslu og æfingar vegna þjálfunar löggreglumanna, starfsmanna sveitarfélaga og þeirra viðbragðsaðila sem við á, varðandi störf í VST, AST og SÁBF.
- Eftirlit með búnaði og aðstöðu í AST, ber ábyrgð á að búnaður yfirfarinn reglulega, sér um innkaup fyrir starfsemi almannavarna og AST
- Önnur tilfallandi verkefni

Aðstaða

- Starf verkefnastjóra er án staðsetningar og verður skipulagt með þeim hætti að verkefnastjóriinn geti unnið bæði frá vinnustöð sinni sem og þar sem þörf krefur hverju sinni.
- Löggreglustjóri leggur verkefnastjóranum til vinnuaðstöðu á einhverri af löggreglustöðvum umdæmisins, síma og afnot af bifreið ef þörf er á
- Sveitarfélög útvega verkefnastjóra vinnuaðstöðu þegar verkefni hans krefjast viðveru í tilteknu sveitarfélagi
- Almannavarnadeild ríkislöggreglustjóra leggur verkefnastjóranum til fartölvu og netfang, nafn@almannavarnir.is
- Verkefnastjóriinn verður hluti af teymi almannavarnadeildar og tekur þátt í fundum og upplýsingamiðlun innan teymisins og fær þaðan stuðning við úrlausn verkefna sinna

Samkomulag þetta tekur gildi við ráðningu viðkomandi starfsmanns (eða 01.01.2024) og er eftir það uppsegjanlegt af hálfu hvers aðila fyrir sig með eins árs fyrirvara.

Löggreglustjóriinn á Vesturlandi

Almannavarnarnefnd Vesturlandi

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

Almannavarnardeild Ríkislöggreglustjóra